

Heiti verkefnis: Kynning á fötlun, verkefnabanki og hugmyndir að notkun.

Styrkþegar: Ragnhildur Sigurðardóttir og Margrét Einarsdóttir

Verkefnisstjóri: Margrét Einarsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn: Meginmarkmið verkefnisins er að útbúa verkefnasjóð fyrir kennara, þroskaþjálfara, námsráðgjafa eða hverja þá sérfræðinga sem vinna með nemendum með fötlun. Þessir sérfræðingar fá verkefnabanka með eyðublöðum eða hugmyndabanka og verkefnalýsingum til að vinna með þegar kynna á fyrir nemendum fötlun sína. Verkefnablöðin og verkefnalýsingarnar nýtast einnig fyrir nemendur með fötlun til að kynna fötlun sína fyrir bekkjarfélögum, kennurum og öðru starfsfólki og samnemendum sínum.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis:

Bókin I am Special eftir Peter Vermeulen var lesin og valin verkefni til að þýða. Einnig var gerð kennsluáætlun fyrir þá sem vinna með verkefnin. Verkefnin voru þýdd og staðfærð til að kynna fötlun fyrir einhverfa og þroskahefta. Sett var upp dæmi um hvernig útkoma verkefnisins gæti orðið og ýmsar leiðir kynntar til að vinna með hvert verkefni og verkefnalýsingar gefnar. Þannig er nú til heildaráætlun um það hvernig hægt er að kynna fötlun fyrir nemanda. Við studdumst aðallega við bókina I am Special eftir Peter Vermeulen, einnig nýttum við okkur, The Autistic Spectrum, Parents' Daily Helper eftir Philip Abrams og Leslie Henriques og bókina How to .. support and teach children on the Autism Spectrum eftir Dave Sherratt.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun: Við vorum ekki með kynningar fyrir aðra sérfræðinga sem vinna hjá Garðabæ og sáum ekki um ráðgjöf fyrir þá. Við gerðum ekki matsblöð fyrir einstaklinga og foreldra.

Mat á verkefninu: Við lögðum verkefnið fyrir tvo nemendur í samvinnu við foreldra og kennara. Það gekk mjög vel og gátum við þá sneytt af hnökra sem við sáum og uppfært að nýju.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks 400.000

Laun	400.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	
Gögn	

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning:

Við kynntum verkefnið fyrir kennurum, þroskaþjálfum, stjórnendum og námsráðgjafa á kynningarfundum. Nú er til aðgengilegur verkefnabanki sem hægt er að nota af fagaðilum til að kynna einhverfu/þroskahömlun fyrir nemendum. Verkefnabankinn er með góðri kennsluáætlun og eyðublöðum sem hægt er að nota og er farið nákvæmlega í gegnum verkferlið. Þetta teljum við styrkja stöðu nemenda með einhverfu/þroskahömlun í skólum Garðabæjar þar sem verkefnin verða einnig aðgengileg öllum skólum í Garðabæ. Einnig auðveldar þetta vinnuna fyrir alla þá fagaðila sem vilja taka að sér þetta verkefni, auk þess sem það er auðveldlega hægt að breyta verkefnunum og aðlaga fyrir hvern og einn.

